



Fundargerð hreppsnefndar 04. nóvember 2010

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 4. nóvember 2010 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt: Bárður Jónasson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Hafþór Róbertsson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Þórunn Egilsdóttir.

Fundargerði ritaði Guðrún Anna Guðnadóttir

Dagskrá:

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega gesti fundarins, Árna Sigurðsson og Arnar Snorrason frá verkfræðistofunni Eflu.

Óskaði eftir því að breyta dagskrá þannig að kynning Eflu á orkumálum Vopnafjarðarhrepps verði fyrst á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

1. Mál. Kynning á orkumálum Vopnafjarðarhrepps. Fulltrúar frá Eflu fóru yfir skýrslu um orkumál Vopnafjarðarhrepps og svöruðu spurningum nefndarmanna. Oddviti þakkaði Árna og Arnari fyrir greinargóða kynningu. Skýrsla Eflu liggur frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps til kynningar. Árni og Arnar véku af fundi.

2. Mál. Fundargerð hreppnefndar frá 21. október sl. Samþykkt að skólaakstur verði tekinn fyrir á næsta fundi þar sem nægar upplýsingar liggja ekki fyrir. En oddviti upplýsti að kostnaður sé í samræmi við liðið ár sé mið tekið af eðlilegum hækkunum taxta en upplýsingar um fjölda ferða liggja ekki fyrir. Ákveðið að taka málið upp á næsta fundi. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 29. október 2010. Samþykkt samhljóða

4. Mál. Fundargerð Héraðskjalasafns Austfirðinga frá 14. október. Lagt fram til kynningar. Oddviti gerði grein fyrir samvinnu milli bókasafns Vopnafjarðarhrepps og Héraðskjalasafns Austfirðinga, sem gerir okkur betur sett með lán á skjölum milli safna.

5. Mál. Tilnefning fulltrúa og varafulltrúa í stjórn Héraðskjalasafns Austfirðinga. Fram kom tillaga að Ólafi Valgeirssyni sem aðalmanni og Þorsteini Steinssyni sem varamanni. Samþykkt samhljóða

6. Mál. Tilnefning í vinnuhóp vegna Drekasvæðisins. Fram kom tillaga að Þorsteini Steinssyni sveitarstjóra sem aðalmanni og Þórunni Egilsdóttur sem varamanni í vinnuhóp lðnaðarráðuneytisins um leit og vinnslu jarðrænna auðlinda á hafsbotni. Samþykkt samhljóða.

7. Mál. Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn

Áætlað var að halda námskeið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir sveitarstjórnarmenn á Austurlandi 27. nóvember. Því hefur verið frestað fram í byrjun næsta árs. Oddviti lagði til að allir sveitarstjórnarmenn sæktu námskeiðið.

8. Mál. Sjúkraflutningar, sjá gögn afent á fundi 26.10. sl.

Málinu frestað til næsta fundar vegna ónógra upplýsinga. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna þetta mál áfram.

9. Mál. Bustarfell, sjá heimsend gögn frá BFH.

Fundarmenn fagna vel unnum gögnum og greinargóðum upplýsingum um starfsemi Minjasafnsins á Bustarfalli.

Síðastliðið ár nam styrkur sveitarfélagsins kr. 800.000 Málinu vísað til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011

10. Mál. Félagsþjónustan

Oddviti greindi frá fundi með félagsmálastjóra Guðrínu Frímansdóttur og félagsráðgjafa sem héðan í frá mun sinna málefnum Vopnfirðinga. Farið var yfir stöðu mála og þá þjónustu sem í boði er. En vegna mikillar starfsmannaveltu hefur ekki verið nægur stöðuleiki í þjónustu við Vopnafjörð. Auglýstir munu verða fastir viðverutímar og bindur sveitarstjórn vonir við meiri festa verði í þessari þjónustu en verið hefur.

11. Mál. Byggðastofnun. Athugun á stöðu byggðalaga sem búa við langvarandi fólksfækkun

Kynnt bréf frá Sigríði K. Þorgrímsdóttur, sérfræðingi á þróunarsviði Byggðastofnunar, þar sem þess farið á leit að fá fund með forsvarsmönnum sveitarfélagsins. Áætlaður fundartími er 9. nóvember n. k. kl. 13

Fundarmenn tóku vel í það og ákveðið var kalla sveitarstjórn, fulltrúa innan atvinnumálanefndar og skrifstofustjóra Vopnafjarðarhrepps til fundarins.

12. Mál. Hestamannfélagið Glófaxi

Styrkumsókn barst frá hestamannafélaginu Glófaxes. Sótt er um kr. 500.000. Ákveðið að veita styrk að upphæð kr. 300.000 sem er í samræmi við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

13. Mál. Fiskistofa. Til framkvæmdaáðila, sveitarfélaga, veiðifélaga og landeigenda við ár og vötn. Lagt fram til kynningar. Vísað til byggingar- og skipulagsnefndar.

14. Mál. HSA – Sundabúð

Oddviti fór yfir stöðu mála. Sveitarstjórnarmenn funduðu með starfsfólki HSA Sundabúð. Oddviti átti fund við þingmenn norðaustur kjördæmis og einnig viðtalstíma við aðstoðarmann heilbrigðisráðherra í vikunni og voru allir sammála um að þessar aðgerðir megi ekki koma til. Oddviti kynnti fyrir sveitarstjórnarmönnum að farin væri af stað þrýstihópur á Vopnafirði sem hyggst safna undirskriftum. Sveitarstjórn fagnar framtakinu. Ákveðið var að setja bréf oddvita sem sent var á alla þingmenn NA kjördæmis inn á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps.

15. Mál. Kosning til stjórnlagabings

ÞNA/Kaupvangur verður með undirbúningsaðstoð fyrir kjósendur þar sem flókin aðgerð er að kynna sér frambjóðendur og kosningin sjálf er ekki einföld.

16. Mál. Búfjáreffirlit

Þrjár umsóknir um starf búfjáreffirlitsmanns bárust. Auk Guðjóns Jósefssonar, sem hefur verið ráðinn í starfið, sóttu Gunnhildur Ásmundsdóttir og Þorsteinn Halldórsson um.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.54